

Alþingi
Erindi nr. D 116 / 712
komudagur 18/12 1992



SAMBAND
ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

18. desember 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
b/t Rögnu Árnadóttur, nefndarritara,
Þórshamri við Templarasund,
150 Reykjavík.

Efni umsögn um frumvarp til laga um skattamál, 286. mál

Samband íslenskra viðskiptabanka þakkar bréf dags. 8. des. sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um skattamál. Ýmsir meginþættir frumvarpsins gefa ekki tilefni til umsagnar af hálfu viðskiptabankanna en ástæða er til að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum.

Stefnumörkun í tekjuskattlagningu lögaðila.

Samband ísl. viðskiptabanka fagnar því ákvæði frumvarpsins sem kveður á um verulega lækkun á tekjuskattshlutfalli lögaðila enda þótt sú lækkun komi ekki að fullu til framkvæmda við álagningu á tekjur ársins 1992. Lækkun tekjuskatts hefur sérstaka þýðingu fyrir bankana sem eru háðir ströngum alþjóðlegum reglum um lágmarkshlutfall eigin fjár á hverjum tíma.

Í þessu sambandi skal þó bent á að gjalda ber varhug við því að taka upp svokallaða ígildisaðferð við skattlagningu arðs af hlutafé í stað núgildandi aðferðar sem meðal annars felur í sér að hlutafélög geta dregið úthlutaðan arð frá skattskyldum tekjum, þó aldrei meira en sem nemur 15% af nafnverði hlutafjár. Um rök fyrir þessu skal vísað til umfjöllunar í IV. kafla áfangaskýrslu um samræmda skattlagningu eigna og eignatekna sem lögð var fram í mars 1992. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir hefur verið fallið frá þeirri hugmynd sem fram kemur í frumvarpinu að lækka framangreinda frádráttarheimild úr 15% í 10% af

nafnvirði hlutafjár og telja bankarnir það rétta ákvörðun við núverandi aðstæður á hlutabréfamarkaðnum.

Skatthlutfall innlánsstofnana.

Samkvæmt gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt reiknast sama tekjuskattshlutfall (45%) af skattstofni hvers skattskylds lögaðila, óháð félagsformi. Samkvæmt frumvarpinu er ætlunin að hlutafélög, samvinnufélög og aðrir þeir lögaðilar sem skattskyldir eru á grundvelli 1. og 2. tölul. 2. gr. laganna greiði 33% skatt en aðrir lögaðilar 41% skatt.

Ljóst er að viðskiptabanki sem rekinn er í hlutafélagsformi fellur undir 1. tölulið laganna og ljóst er jafnframt að það mundi ekki samrýmast jafnræðissjónarmiðum í skattamálum að skattleggja innlánsstofnanir og lánasjóði, sem ekki eru hlutafélög, með öðru skatthlutfalli en hlutafélagsbanka. Hins vegar verður að telja nauðsynlegt að kveða skýrt á um það í frumvarpinu að öll þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir lög um skattskyldu innlánsstofnana nr. 65/1982, með síðari breytingum, skuli greiða sama skatthlutfall af tekjum sínum og þeir lögaðilar sem taldir eru upp í 1. og 2. tölulið 2. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Húsnæðissparnaðarreikningar.

Á árinu 1985 voru sett lög um svokallaða húsnæðissparnaðarreikninga þar sem opnuð var leið til skattaafsláttar að vissu marki fyrir þá er leggja fé á slíka reikninga. Þessi leið er háð þröngum fjárhæðarmörkum og skilyrði um 10 ára binditíma innstæðnanna sem er margfalt iengri binding en á öðrum innlánsreikningum. Af þessum ástæðum urðu bankar og sparisjóðir að leggja í verulegan kostnað til að vekja athygli viðskiptamanna sinna á eiginleikum þessara sparireikninga. Þessi viðleitni hefur nú borið nokkurn árangur. Bankarnir hljóta því að mótmæla þeim hugmyndum að söðlað verði um á þessu sviði strax og árangurinn er farinn að koma í ljós.

Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Þessi 1,5% skattur, sem reiknast af fasteignamatsverði verslunar- og skrifstofuhúsnæðis, er í reynd eignarskattur til viðbótar við 1,45% almennan eignarskatt sem lagður er á bankana eins og aðra lögaðila.

Eins og áður segir eru bankarnir háðir ströngum alþjóðlegum reglum um lágmarkshlutfall eigin fjár. Hinir háu eignarskattar hérlandis rýra eigið fé bankanna á hverju ári og torvela þeim að viðhalda traustri eiginfjárstöðu sem er undirstaða viðskiptatrausts þeirra innanlands og utan.

Bankarnir hljóta því að mótmæla hugmyndum um að framlengja enn einu sinni þennan mjög svo umdeilda skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Virðingarfyllt,

SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

